



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 23. apríl 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, 265. mál. Samtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið frumvarpsins sé að einfalda og auka skilvirkni í stjórnýslu umhverfis- og orkumála og stytta afgreiðslutíma leyfisumsókna hjá Umhverfis- og orkustofnun (hér eftir „UOS“) sem og samræming við EES-rétt. Verulegt ójafnvægi hafi myndast milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði á undanförunum árum þar sem orkuöflun hafi ekki haldið í við vaxandi umsvif í samfélaginu og þörf sé á lagabreytingum til að tryggja skilvirkari leyfisferla og styttri afgreiðslutíma á sviði umhverfis- og orkumála.

Samtökin taka heilshugar undir þessi sjónarmið og fagna vegferð stjórnvalda. Orkuöryggi er ein af grunnstoðum íslensks samfélags og samkeppnishæfni Íslands. Aukið framboð raforku er lykilforsenda þeirra orkuskipta sem fram undan eru en þunglamalegt og flókið ferli hefur tafið verulega fyrir aukinni grænni orkuöflun á landinu. Óskilvirkt og flókið leyfisveitingaferli hefur tafið framkvæmdir og telja samtökin brýnt að frumvarpið nái fram að ganga.

Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um að:

- Ef mengandi starfsemi er háð leyfi heilbrigðisnefndar og leyfi UOS skuli UOS gefa leyfið út sem eitt leyfi.
- Ráðherra verði heimilt að kveða á um með reglugerð að ákveðinn atvinnurekstur verði háður skráningarskyldu í stað starfsleyfis.
- Lengt verði í tímamörkum áður en leyfi falla niður ef ekki hefur náðst samkomulag við landeigendur né eignarnáms verið óskað.
- Heimilt verði að tilkynna þeim sem eiga málskotsrétt skv. 2. og 3. tl. 3. mgr. 33. gr. laga um umhverfisábyrgð nr. 55/2012 um ákvarðanir á vef stofnunarinnar í stað auglýsingar í dagblaði í almennri dreifingu.



- UOS skuli sameina afgreiðslu leyfisumsókna fyrir starfsemi sem er leyfisskyld samkvæmt mismunandi lögum á ábyrgð stofnunarinnar í eitt leyfi eftir því sem er mögulegt og hagkvæmt.
- UOS verði heimilt að sameina leyfisveitingu og heimildir sem falla undir valdsvið annarra stjórnvalda enda sé það heimilt samkvæmt viðkomandi sérlögum.
- Afgreiðslu leyfa vegna virkjunarframkvæma sem falla undir orkunýtingarflokk verndar og orkunýtingaráætlunar verði veittur forgangur.

Samtökin fagna framangreindum breytingum og telja þær til þess fallnar að auka skilvirkni. Samtökin gera ekki athugasemd við að tilkynning til þeirra sem eiga málskotsrétt skv. 2. og 3. tl. 3. mgr. 33. gr. laga um umhverfisábyrgð nr. 55/2012 verði birt á vef UOS í stað auglýsingar í dagblaði í almennri dreifingu. Samtökin leggja til að 3. málsl. 3. mgr. 4. gr.¹ raforkulaga nr. 65/2003 og 2. málsl. 1. mgr. 7. gr.² laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu verði felldir niður. Að öðrum kosti leggja samtökin til að við b-lið 11. gr. frumvarpsins og 12. gr. frumvarpsins komi: „eða beiðni um eignarnám hefur verið lögð fram“.

Samtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið og hvetja stjórnvöld til að vinna áfram að frekari einföldun og skilvirkni leyfisveitingaferla. Brýnt er að skilvirkni í leyfisveitingaferli tengd flutningskerfi raforku verði aukin. Samtökin eru reiðubúin til að funda um málið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Guðný Hjaltadóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

¹ „Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 90 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður.“

² „Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður.“